

Nd.

60. Frumvarp til laga

[60. mál]

um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, skal eigi vera hærrí en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

2. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að greiðslur fyrir flest störf verkfræðinga í þágu ríkisins hafi undanfarið verið ákveðnar með hliðsjón af tímakaupi samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, með síðari verðlagsuppbótum samkvæmt lögum. Verkfræðingafélag Íslands hafi nú gefið út nýja gjaldskrá, sem gildi frá 1. þ. m., þar sem tíma-kaupi er ætlað að hækka allt að 320%, auk þess sem þóknun fyrir ákvæðisvinnu er ætlað að hækka verulega.

Slik hækkun á kaupi verkfræðinga myndi óhjákvæmilega valda stórkostlegri röskun á launamálum bæði hjá ríki og öðrum aðilum og auk þess óeðilegum kostnaðarauka við margvísleg rannsóknarstörf og framkvæmdir.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til, að komið verði í veg fyrir, að nefnd gjaldskrá komi til framkvæmda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, skal eigi vera hærrí en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

2. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. maí 1962.

Ásg. Ásgeirsson.

Ingólfur Jónsson.